



---

---

## MINNISBLAÐ

---

---

**TIL:** SVEITARFÉLAGA INNAN SSH

**FRÁ:** STJÓRN SSH

**EFNI:** UPPBYGGING SAMGANGNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU –  
SAMNINGAR VEGNA UNDIRBÚNINGS.

**DAGS:** 6. MAÍ 2019

---

Vísað er m.a. til stjórnafundar SSH frá 4. mars og 8.apríl sl., sem og kynningarfundar 12.apríl sl. sem haldinn var með kjörnum fulltrúum sveitarfélaganna innan SSH ásamt Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu-og sveitarstjórnarráðherra og Vegamálastjóra.

Eftirfarandi liggur fyrir:

- Hafnar eru viðræður um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til 2033 sem fara fram í umboði þriggja ráðherra, forsætis-, samgöngu- og fjármálaráðherra og stjórn Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópurinn er skipaður af ráðherrunum þremur, formanni og varaformanni stjórnar SSH og borgarstjóra Reykjavíkur. Stýrihópurinn mun vinna tillögur út frá fyrirbyggjandi hugmyndum um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og skýrslu viðræðuhóps samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) frá árinu 2018 um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Í þeirri skýrslu er að finna samkomulag um tillögu að framkvæmdum á stofnvegum, innviðum Borgarlínu og hjólríða til næstu 15 ára.

Markmið viðræðnanna er að móta sameiginlega sýn um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingaráætlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópnum er ætlað að leggja fram beinar tillögur um fjármögnun einstakra framkvæmda og verkefna ásamt verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Með stýrihópnum starfar starfshópur sem er skipaður einum sérfræðingi hver frá forsætisráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu skipa þrjá fulltrúa. Hlutverk starfshópsins er að fjalla um mismunandi leiðir, valkosti og lausnir

viðræðunum, vinna drög að samningi og nauðsynlegri umgjörð um verkefnið til framtíðar sem lagðar verði fyrir aðila verkefnisins til samþykktar.

- Í fimm ára samgönguáætlun er gert ráð fyrir að Vegagerðin verji 300 millj. kr í undirbúningsvinnu vegna Borgarlínu árið 2019, og 500 millj. kr á árinu 2020. Áskilið er að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi tilsvarendi fjármuni til verkefnisins.
- Reykjavíkurborg hefur ætlað 200 millj. kr til verkefnisins á þessu ári og Vegagerðin er nú þegar byrjuð að vinna að undirbúningi á grundvelli framangreindra fjármuna ríkisins. Reykjavíkurborg er sömuleiðis byrjuð á vinnu á sínum vettvangi og Kópavogsbær að undirbúa framkvæmdir vegna brúar yfir Fossvog.


Í ofangreindu felst að sveitarfélögin þurfa nú að koma að ofangreindum verkefnum m.a. með **gerð tveggja samninga** til að ná utan um aðkomu sveitarfélaganna að verkefninu:

- 1) Samning milli sveitarfélaganna þar sem þau skuldbinda sig til að mæta framlagi ríkissjóðs til undirbúningsverkefna vegna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020 og samkomulagi um innbyrðis skiptingu framlaganna.
- 2) Samnings milli SSH f.h. sveitarfélaganna annars vegar og Vegagerðarinnar hins vegar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning að lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020). Horft er til þess að skrifstofu SSH annist verkefnalega og fjárhagsleg umsjón verkefnisins, og verkefnastjórn verði í höndum núverandi svæðisskipulagsstjóra.

Aðsetur verkefnisins verður hjá SSH og á kennitölu samtakanna. Aðstandendur samningsins mynda sameiginlegan verkefnasjóð sem hýstur er hjá SSH. Verkefnasjóðurinn mun standa straum að öllum kostnaði sem fellur til þ.m.t. launakostnaði núverandi starfsmanna aðstandenda sem koma að verkefninu, aðkeypta ráðgjöf og aðstöðusköpun.

Fyrirvari er gerður á hluta framlags sveitarfélaganna (500 millj. kr) er varðar 2. áfanga undirbúnings (verkhönnun, útboð), náist ekki samkomulag milli ríkis og sveitarfélaganna um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033.

f.h.stjórnar SSH



Páll Björgvin Guðmundsson

framkvæmdastjóri SSH